



Vatnajökulsþjóðgarður  
Klapparstíg 25-27  
101 Reykjavík

## UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 150 Reykjavík  
sími: 545 8600 bréfasími: 562 4566 postur@uar.is  
www.umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 12. júlí 2013  
Tilv.: UMH13060097/041-216-1

Efni: Breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs staðfestar

Sigurður Ingi Jóhannsson umhverfis- og auðlindaráðherra hefur staðfest breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs að tillögu stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs.

Stjórn þjóðgarðsins hefur að undanfögnu unnið að breytingum á stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins, sem var staðfest árið 2011, og sendi stjórnin umhverfis- og auðlindaráðherra breytingartillögurnar til staðfestingar í júní 2013, á grundvelli laga nr. 60/2007 um Vatnajökulsþjóðgarð.

Stjórn þjóðgarðsins hafði víðtækt samráð um gerð þessara breytinga. Breytingarnar eru í raun þrenns konar; í fyrsta lagi eru til umfjöllunar ný svæði innan þjóðgarðsins með nýjum ákvæðum, í öðru lagi eru með breytingum lagaðir til ýmsir hnökrar sem komið hafa upp við framkvæmd áætlunarinnar og að síðustu er fjallar nánar um og gerðar ýmsar breytingar á atriðum sem koma til móts við tilmæli ráðherra til stjórnar við samþykkt stjórnunar- og verndaráætlunarinnar árið 2011. Snúast þær fyrst og fremst um ýmsar breytingar á fyrirkomulagi samgangna og veiða á ákveðnum svæðum innan þjóðgarðsins.

Tillögur að breytingum á stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins fóru í víðtækt umsagnar- og kynningarferli. Stjórnin auglýsti breytingarnar á stjórnunar- og verndaráætluninni og umhverfisskýrslu hennar opinberlega og jafnframt voru þær sendar hlutaðeigandi stofnunum til umsagnar. Auglýsingar þess efnis birtust þann 27. og 28. mars 2013 í dagblöðum á landsvísu og nokkrum dögum síðar í einu héraðsfréttablaði. Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna var sex vikur frá birtingu auglýsingarinnar, þ.e. til og með 10. maí 2013. Gögnin lágu frammi til sýnis á sama tíma á eftirfarandi stöðum: á starfsstöðvum þjóðgarðsvarða í Jökulsárgljúfrum, á Skriðuklaustri, í Skaftafelli og á Kirkjubæjarklaustri, á skrifstofu Vatnajökulsþjóðgarðs, Klapparstíg 25-27, 4. hæð, Reykjavík, hjá Skipulagsstofnun Laugavegi 166, Reykjavík og á skrifstofum Þingeyjarsveitar, Skútustaðahrepps, Norðurþings, Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps, Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Skaftárhrepps og Ásahrepps. Almennungi, hagsmunaaðilum og umsagnaraðilum gafst þannig kostur á að kynna sér efni tillögunnar og umhverfisskýrslunnar og leggja fram ábendingar, athugasemdir og umsagnir áður en endanlegar tillögur stjórnar voru frágengnar og sendar umhverfis- og auðlindaráðherra til staðfestingar. Stjórn þjóðgarðsins barst athugasemdir frá sautján aðilum og fjölluðu þær einkum um umferð, samgöngur og veiðar í þjóðgarðinum, auk ýmissa annarra atriða. Stjórnin vann með þessar athugasemdir við endanlegan frágang tillögunnar og svaraði

umsagnaraðilum með bréfi 5. júlí.

Lög um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007 einskorða vald ráðherra til að breyta tillögu stjórnar þjóðgarðsins við þau tilvik þar sem talið er að hún brjóti í bága við lög eða reglugerð um þjóðgarðinn eða gegn verndarmarkmiðum þjóðgarðsins.

Eftir yfirferð breytingartillagnanna er það niðurstaða ráðuneytisins að skilyrðum laga og reglna hafi verið fylgt við gerð breytinga á áætluninni og ekki séu forsendur til að synja áætluninni staðfestingar.

### **Ábendingar ráðherra til stjórnar vegna Vonarskarðs**

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið telur mikilvægt að reynt sé að ná sem víðtækastri sátt í samfélaginu varðandi framkvæmd meginmarkmiða Vatnajökulsþjóðgarðs um náttúruvernd, útivist og byggðapróun. Það er hins vegar umfangsmikið verkefni enda tekur þjóðgarðurinn til um 14% landsins og er stærsti þjóðgarður í Vestur Evrópu. Við stefnumörkun, samræmingu sjónarmiða og ákvarðanatöku um vernd og nýtingu hverskonar gæða innan þjóðgarðsins er stjórnunar- og verndaráætlunin helsta stjórnartækið. Ráðuneytið telur að þær breytingar sem hér eru gerðar á áætluninni séu mikilvægar í þeirri viðleitni við að skapa víðtæka sátt um þessa sameign þjóðarinnar, og telur að með því hafi stjórn þjóðgarðsins stigið mikilvægt skref í þá átt.

Enn eru þó uppi álitamál varðandi ákveðna þætti í áætluninni, sem fyrst og fremst varða einn þátt í þessari umfangsmiklu vinnu, þ.e. málefni Vonarskarðs. Telur ráðuneytið mikilvægt að unnið verði áfram að því að leita leiða til að skapa betri sátt um þetta svæði.

Í áætluninni er svæðinu lýst svona: „*Vonarskarð liggur milli Vatnajökuls og Tungnafellsjökuls og stendur í um 900-1300 m hæð yfir sjávarmáli. Þar er háhitasvæði og innan þess fjögur jarðhitasvæði. Þar er meðal annars kolsýruhverasvæði með hátt verndargildi og þar finnast einnig sjaldgæfar háplöntu- og mosategundir. Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands er verndargildi svæðisins metið hátt vegna þess að þar er fjölbreytileg og upprunaleg jarðfræði auk fágætra og fjölbreytilegra jarðhitaummerkja. Þar myndar gróður fágæta og upprunalega heild. Svæðið er fremur viðkvæmt og þarf ekki mikla umferð til að valda varanlegri röskun á svæðinu.*“

Ráðuneytið beinir því þeim tilmælum til stjórnar að skoða sérstaklega málefni Vonarskarðs, með það að markmiði að tryggja til framtíðar vernd og nýtingu gæða þess svæðis, og vinna með hagsmuni og samræmingu útivistar og náttúruverndar.

Þar eru ýmis atriði sem ráðuneytið vill beina til stjórnar að skoða frekar, í samráði við helstu hagsmuna og umsagnaraðila um málefni Vonarskarðs. Þau sjónarmið eru m.a. þessi:

Ákveðnir hlutar Vonarskarðssvæðisins eru viðkvæmari en aðrir, ekki síst jarðhitasvæðin og gróðurlendin. Í stjórnar og verndaráætluninni eru þau ákvæði að göngufólki er heimil för alltaf, hestafólki heimil för skv. leyfi þjóðgarðsvarðar, ferðafólki á reiðhjólum er ekki leyfð för og ferðafólki á vélknúnum ökutækjum heimil för að vetrarlagi og á frosinni jörð. Vetrarakstur er þó ávallt óheimill á og við jarðhitasvæði í Snapadal. Mikilvægt er að samræmis sé gætt við skipulagningu þessara mismunandi þátta útivistar almennings og náttúruverndar á svæðinu.

Stjórnar og verndaráætlun þjóðgarðsins gerir ráð fyrir þeirri breytingu að opnað verði aðgengi að Vonarskarði fyrir hestaumferð. Það er jákvætt að stjórn þjóðgarðsins telur fært að auka og bæta aðgengi útivistarfólks að náttúru garðsins, en að sama skapi mikilvægt að sú umferð valdi ekki ágangi á viðkvæman gróður og háhitasvæði. Því er mikilvægt að þessu ákvæði verði fylgt eftir með greinagóðum leiðbeiningum um það hvar sú umferð geti farið um svæðið, án þess að valda spjöllum á viðkvæmum gróðri og hverasvæðum.



Jafnframt eru enn skiptar skoðanir um vélknúna umferð um Vonarskarð og þá tillögu stjórnarinnar að banna hana utan vetrartíma. Uppi eru þau sjónarmið að enga slíka umferð eigi að leyfa og svo þau sjónarmið að takmarkaða slíka umferð skuli leyfa um markaða leið, ekki síst hvort hana mætti leyfa að haustlagi/aðdraganda vetrar þegar umferð göngufólks er lokið með ákvörðun um dagsetningu eða viðmiðunartíma að hausti.

Einnig hafa verið sett fram sjónarmið um að nauðsynlegt sé að skoða betur hvort einstakir hlutar Vonarskarðs, ekki síst hverasvæðin og gróðurlendin, skuli falla í annan og strangari verndarflokk til að styrkja frekar stjórnun og samræmingu útivistar almennings, aðgengi og náttúruverndar á svæðinu.

Ráðuneytið leggur beinir þeim tilmælum til stjórnar að vinna að skoðun á þessum atriðum í Vonarskarði, með það að markmið að tryggja að sem best sé haldið utan um samræmingu hagsmuna útivistar og náttúruverndar.

### **Tilmæli um nánari skoðun**

Líkt og við afgreiðslu á stjórnunar og verndaráætlun þjóðgarðsins 2011 vill ráðherra beina tilmælum til stjórnar þjóðgarðsins um frekari skoðun á ákveðnum atriðum, samtímis því að staðfesta áætlunina. Í þessu tilviki eru það málefni útivistar og náttúruverndar í Vonarskarði, þar sem fram hafa komið tillögur að breytingum sem kalla á umræðu og ítarlegri yfirferð. Ráðuneytið beinir því þeim tilmælum til stjórnar þjóðgarðsins að skoða þetta sérstaklega og hafa samstarf við helstu hagsmuna- og umsagnaraðila um málefni Vonarskarðs í því skyni að tryggja að sem best sé haldið á hagsmunum náttúruverndar og útivistar. Þannig vill ráðuneytið halda áfram þeirri viðleitni að skapa sem mesta sátt um þjóðgarðinn.



Sigurður Ingi Jóhannsson



Stefán Thors

